

801 Fundagerð

Fundur 801

3.fundur stjórnar 3.maí 2011

Dagskrá fundarins

Mættir voru Ólafur, Helgi, Atli, Snær og Huguín.

1. Fundargerð 800 lesin upp og samþykkt.
2. Aðsent efni, Lotto.
  - Ólafur las upp bréf um framkvæmd Íslandsglímunnar frá Fjarðabyggð undirritað af Páli Björgvini Guðmundssyni bæjarstjóra. Þar komu fram þakklæti og hamingjuóskir í garð GLÍ með framkvæmd mótsins.
3. Íslandsglíman og grunnskólamót
  - Framkvæmd beggja móta fór vel fram og tóku um 60 krakkar þátt í grunnskólamótinu í heild. Því var velt upp hvort hraðinn mætti vera meiri í dómgæslu Íslandsglímunnar, þ.e. úrskurði dóma. Mikil ánægja var með sjónvarpsþáttinn um Íslandsglímuna sem sýndur var á RÚV annan í páskum.
4. Fundur með fjárlaganefnd.
  - Ólafur fundaði með Björgvini G. Sigurðssyni sem situr í fjárlaganefnd fyrir Samfylkinguna. Hann tók vel í það að nefndin myndi veita GLÍ aukin fjárlög vegna Evrópumeistaramótsins í fangbrögðum 2013. Ólafur las upp greinargerð sem send verður til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
5. Vestfirðingabeltið
  - Verður haldið 15. maí. Reynt er að fá fleiri glímumenn en af Vestfjörðum til að keppa um beltið.
6. Danmerkurferð
  - Um páskana kom Erling Johanssen, skólastjóri, til landsins. Erling lofaði (meiri) afslætti á upphaldi krakkanna sem fara í ferðina. Allur undirbúningur er í fullum gangi og gengur vel. Ferðin er 4. til 10. júní.
7. Keppnisferð til Sviss
  - Íslenskum glímumönnum var boðið að taka þátt á móti í Martigny í Sviss. Litlir peningar eru til staðar fyrir ferðinni en þó fara fjórir íslenskir glímumenn á mótið. Sviss-Íslandsfélagið ætlar að styrkja GLÍ um 1200 svissneska franka til ferðarinnar.
8. Þyngdarflokkaskiptingar í barna og unglíngaflokkum.
  - Reglugerð varðandi þyngdarflokkaskiptingar í barna- og unglíngaflokkum verður ljós fyrir haustið.
9. Önnur mál.
  - Stjórnarmenn skoðuðu bréf sem send verða til fyrirtækja og einstaklinga varðandi styrktarsöfnun GLÍ og ræddu um hvernig best væri að dreifa þessum bréfum.
  - Mótaskrá vetrarins liggur fyrir en stjórnarmenn voru nokkuð sammála um að sveitaglíma fullorðinna yrði haldin 28. apríl í stað 4. mars. Tækifæri gæfist þá til að halda lokahóf glímumanna og -kvenna að kveldi 28. apríl. Einnig gæti gefist betur að halda öldungamótið á eftir sveitaglímu yngri en 15 ára þann 29. október næstkomandi.

- Á ÍSÍ þinginu var ályktað að berjast gegn munntóbaksnotkun og tóbaksnotkun almennt innan íþróttahreyfingarinnar og mun GLÍ leggja sitt af mörkum í þeirri baráttu.
- Helgi tók til máls og sagði frá að hann hafi nýlega setið aðalfund glímudeildar KR. Hann sagði frá þeim ánægjulegu tíðindum að þeir hafi kynnt glímuna fyrir 240 krökkum í Melaskóla og að stefnt væri að endurvekja glímuna í Vesturbænum næsta haust.

10. Næsti fundur ákveðinn og fundi slitið

- Næsti fundur er áætlaður í ágúst.

*Hurgún Geirsdóttir*